





GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPUR - BREYTING Á AÐALSKIPULAGI 2008-2020







Staðfest Aðalskipulag Grímsnes og Grafningshrepps 2008-2020
mkv. 1:25.000 - fyrir breytingu



Aðalskipulag Grímsnes og Grafningshrepps 2008-2020 mkv. 1:25.000
- eftir breytingu

Skýringar:

-  mörk aðalskipulagsbreytingar
-  frístundahúsasvæði
-  opin svæði til sérstakra nota
-  landbúnaðarsvæði



ÓVERULEG BREYTING Á STAÐFESTU AÐALSKIPULAGI

Um er að ræða stækkun á frístundabyggðasvæði F14a Syðri-Brú, um 2,5ha til vesturs, sbr. athugasemd Skipulagsstofnunar dags. 12. apríl 2018 (tilvísun: 201804007 /3.4). Breytingin nær til núverandi sumarhúsalóða sem stofnaðar voru í kringum 1987. Svæði sem skilgreint er sem G3 golfvöllur, opið svæði til sérstakra nota, minnkar tilsvarendi.

Ástæða breytingarinnar er leiðrétting á korti, því aldrei hefur staðið til að umræddar lóðir væru gerðar að útivistarsvæði, heldur hafa þær alltaf verið skráðar sem frístundahúsalóðir. Það má einnig sjá á eldra aðalskipulagi Grímsneshrepps 1989-2009, þar sem þær eru skilgreindar sem sumarhúsalóðir. Búið er að byggja sumarhús á einni lóðinni og var það byggt árið 2006 og núverandi aðkomuvegur liggur að lóðunum. Ekki er heldur um að ræða skerðingu á golfvöllinum, G3 eða stækkunarmöguleikum hans, þar sem hann er að öllu leyti vestan við Þingvallaveg.

Breyting þessi er gerð í tengslum við deiliskipulag frístundahúsabyggðar við Sólbrekku, Syðri-Brú. Í tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir svæði F14a, eru núverandi lóðir staðfestar og skilmálar samræmdir. Auk þess er gert ráð fyrir fjölgun frístundahúsalóða á svæði sem þegar er skilgreint sem frístundabyggð og liggur austan við þær lóðir sem þessi aðalskipulagsbreyting nær til.

Breyting þessi á aðalskipulagi er talin vera óveruleg, þar sem:

- 1) - breytingin er í samræmi við meginstefnu aðalskipulagsins varðandi samfellda frístundahúsabyggð. Breytingin hefur ekki veruleg áhrif á landnotkun, þar sem um er að ræða svæði sem í reynd er frístundahúsasvæði og verður nú skilgreint sem slíkt, til samræmis við aðliggjandi landnotkun. Engin vernd er skilgreind innan svæðisins.
- 2) - breytingin nær til um 2,5ha svæðis sem er í beinu framhaldi af núverandi frístundabyggð sem er 28ha að stærð. Breytingin hefur ekki áhrif á raunverulega landnotkun útivistarsvæðisins, þ.e. G3, þar sem golfvöllurinn er vestan við Þingvallaveg og mun ekki verða stækkaður í þessa átt.
- 3) - breytingin er ekki talin hafa áhrif á aðra aðila en lóðarhafa sjálfa. Lóðirnar eru nú þegar skilgreindar sem sumarhúsalóðir í fasteignaskrá og eru í fullu samræmi við aðliggjandi landnotkun og skerða ekki hagnýtingu annarra lóðarhafa á svæðinu.

Land sem um ræðir hefur ekki sérstakt verndargildi og breytingin því ekki talin hafa veruleg áhrif á helstu umhverfispætti.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Grímsnes og Grafningshrepps þann

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann



HEITI VERKS:
GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPUR
SYÐRI-BRÚ FRÍSTUNDABYGGÐ F14a

HEITI TEIKNINGAR:
BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

VERKNR: 217-014 MKV: 1:10.000 á A3 TEIKNING NR: 1/1

TEIKNAD AF: sg HANNAÐ AF: DAGS. TEIKN: 12. júní 2018

YFIRLESTUR / UNDIRSKRIFT: TEIKN. BREYTT:



LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA
AUSTURVEGI 6 800 SELFOSS sími: 482 4090
netfang: landform@landform.is veffang: www.landform.is